

Verkefnaráð

Fundargerðir: *Verkefnaráð 25.10.2022*

Verkefni í vanda: Samráðsgátt MAR	2
Ábendingavefur RVK	4
Skólahljómsveitir	6
Umræður í lok	8

Verkefnaráðsfundur 25.10.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 25.10.2022
Dagsetning 25.10.2022	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þöll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Friðþjófur Bergman, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, Áslaug Eva Björnsdóttir, Guttormur Árni Ársælsson, Jón Hafsteinn Jóhannsson	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

1. Samráðsgátt MAR
2. Ábendingavefur RVK
3. Skólahljómsveitir
4. Önnur mál

Fundargerð

Verkefni í vanda: Samráðsgátt MAR

Í janúar 2022 var verkefnið “Lýðræðisgáttir” greint og niðurstaðan var að um væri að ræða þrjú misunandi verkefni, byggt á virkni þeirra. Þau verkefni eru “frontur lýðræðis”, „Samráðsgátt“ og „Hverfið mitt“.

Verkefnið “frontur lýðræðis” er umfangslítið verkefni og í raun upplýsingasíða.

Verkefnin “Samráðsgátt” og „Hverfið mitt“ eru hins vegar öðruvísi í eðli sínu en það felst helst í því að um er að ræða viðamikla virkni í báðum verkefnum sem þó er mjög ólík í eðli sínu, sér í lagi það sem kemur að bakvinnslu þeirra.

Verkefnið er í vanda og óskað er eftir stuðningi og ákvörðun verkefnaráðs um hvaða leið skuli farin með verkefnið. Listaðir voru upp þrjár færar leiðir kostir þeirra og gallar

Leið A Samráðsgátt Stjórnvalda	Leið B Útboð	Leið C Útboð m. Hverfinu mínu
- Hoppa á vagninn með ríkinu 6 ára samningur max mögulegur Kostir: - Tilbúin lausn sem búið er að þróa. - Hægt að taka hratt í noktun. - Notendavænn bakendi. - Reynsla komin á ánægju notenda. Gallar: - Tímabundin lausn - max 5 milljóna kaup. - Uppfyllir ekki þarfir 100% - Þarf að aðlaga útlit. - Óvissa hvert ríkið er að stefna með samráðsgáttina. - Viðbrögð birgja núverandi lausnar.	- Fara í útboð eftir okkar þörfum. - Jafnvel útboð á EES. Kostir: - Meiri langtímalausn. - Lausn sem er samkvæmt okkar kröfum. - Mögulega óvæntar útfærslur. - Uppfyllir kröfur um markaðslausn. Gallar: - Dýrara en samráðsgátt stjórnvalda. - Tekur lengri tíma en leið A. - Viðbrögð birgja núverandi lausnar.	- Útboðsgögn fyrir Hverfið mitt eru klár, einfalt að bæta þessu við. - Gert ráð fyrir framlendalausn með tengingu við Jira sem bakendalausn. Kostir: - Hoppar á tilbúið útboð. - Færri kerfi fyrir starfsfólk að kunna á. - Hýsingarkostnaður 1x en ekki 2x mv. leið A og B. - Samræmt útlit með Hverfinu mínu. Gallar: - Afhverju samleið með Hverfinu mínu? - Jira sem bakendi ekki optimal - Tekur lengri tíma en leið A - Viðbrögð birgja núverandi lausnar.

Verkefnaráð ákveður að verkefnið skuli keyrt eftir leið A. Ástæða ákvaðarinnar er að mikilvægt er að horfa til lengri tíma í ákvörðunartöku. Þá sérstaklega sem um er að ræða ólík verkefni í eðli sínu, annars vegar „Hverfið mitt“ sem er lýðræðisverkefni og hins vegar „Samráðsgátt“ sem er stjórnsýslu verkefni.

Mikilvægt að leggja á áherslu á að íbúar landsins hafi eina samráðsgátt, fyrir landið í heild sinni. Samstarf með ríki og öðrum sveitarfélögum er fjárhagslega hagstæð leið að fara og mikið hagræði fyrir borgina að fara í heildarútboð með þessum aðilum.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnaráð leggur til að fara leið A. Samþykkt einróma.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1.	Verkefnastjóri verkefnisins fylgir eftir ákvörðun verkefnaráðs.	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Fundargerð

Ábendingavefur RVK

Fyrsta útgáfa Ábendingavefsins fór í loftið í október 2018. Síðan þá hafa borist tæplega 30.000 ábendingar í gegnum vefinn (6.500 á ári að meðaltali). Langstærstur hluti ábendinga sem berast tilheyra þjónustum á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Umsýsla ábendinganna fer fram handvirk í þjónustuverinu sem flokkar og sendir ábendingarnar á rétta staði innan borgarkerfisins sem og til annarra samstarfsaðila s.s. Faxaflóahafna, Orku náttúrunnar o.fl. Núverandi virkni vefsins bíður upp á litla möguleika til að fylgja málum eftir og erfitt hefur reynst að sjá hver staða vinnslu ábendinga er á hverjum tíma.

Núverandi ábendingarvefur er í Drupal 7 sem ekki er hugsað til keyrslu á gáttum, líkt og Ábendingarvefurinn er. Ljóst er að þegar til lengri tíma er litið þá eru takmarkanir til staðar þegar kemur að virkni, viðhaldi og rekstri vefsins í núverandi lausn. Þá er ekki unnt að koma upp tengingum við m.a. Mírar síður Reykjavíkurborgar og þriðja aðila vefi eins og Vefbót. Einnig er nú þegar ljóst að öll virkni í Drupal 7 mun leggjast af í nóvember 2023.

Lagt er til að nýtt verkefni verði sett upp um Ábendingarvefinn og myndi það miða að því að endurhanna bæði virkni og útlit núverandi ábendingavefs Reykjavíkurborgar. Það myndi bjóða upp á gríðarleg tækifæri til hagræðingar og bættrar upplifunar innri og ytri notenda. Verkefnið er búið að fara fyrir Borgarráð og fá úthlutað fjármagni.

Á grundvelli stöðu vefsins þá er tekin ákvörðun um að endurhanna bæði virkni og útlit núverandi ábendingarvefs Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að verkefnið fari í gegnum umbreytingarferli þar sem notast verði við notendamiðaða hönnun og hagaðilar fengnir að borðinu. Þá bendir Verkefnaráð á að mikil framþróun hefur verið í vefum sem þessum hjá öðrum löndum og sveitarfélögum innan þeirra. Þá bendir Verkefnaráð einnig á að mikilvægt er fyrir verkefnið að hafa í huga hvað framundan er í nýjustu tæknilegu lausnum sem gætu sinnt þeirri virkni sem verkefnið krefst og þá sérstaklega er bent á þá þróun sem hefur verið í átt að „*Web based apps*“.

Verkefnaráð leggur til að verkefnið verði kynnt fyrir Stafrænu ráði borgarinnar þegar búið er að keyra það í gegnum uppgötvunarfasa.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
2.	Verkefnaráð samþykkir að verkefnið fari af stað og langt til að það fari í framkvæmd sem fyrst. Ákveðið að verkefnið verði kynnt fyrir Stafrænu ráði borgarinnar um leið og það er búið að fara í gegnum uppgötvunarfasa í umbreytingarferlinu.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
-----	--------	--------------	-------

	Verkefni úthlutað í umbreytingarteymi	Verkefnaráðsstjóri	
2.	Verkefni kynnt fyrir Stafrænu ráði	Framleiðandi og teymisstjóri umbreytingateymis	

Aftur í efnisyfirlit

Skólahljómsveitir

Núverandi utanumhald um skólahljómsveitir er keyrt á kerfinu „School Archive“ en ákveðið hefur verið að frá og 31. desember 2022 mun það kerfi verða lokað.

Erfiðleikar hafa verið í rekstri kerfisins, ekki hefur verið gerður vinnslusamningur um kerfið og rekstur þess er ekki greiddur í gegnum verðskrá UTR. Þá hafa vaknað upp álitæfni um hýsingu kerfisins sem og að miklar breytingar urðu í umhverfi kerfisins er það var selt frá íslenskum einyrkja, sem bjó til upprunalega kerfið, til danska fyrirtækisins „Speed Admin“.

Lagt er til að allt utanumhald um skólahljómsveitir verði fært yfir í danska hugbúnaðinn „Speed Admin“. Þar er um að ræða 100% „Web based“ hugbúnað sem hægt er að tengja við greiðslukerfi og búið er að tengja það við ráðstöfun frístundastyrksins (Abler).

Ef þessi leið verður farin þá er ljóst að hægt væri að færa öll gögn úr núverndi kerfi yfir í nýja kerfið en nú þegar hafa 20 tónlistaskólar á landinu fært sig yfir í nýja kerfið. „Speed Admin“ hefur reynst vel og búið er m.a. að innleiða það með góðum árangri hjá einu af nágretta sveitarfélögum borginnar. Í kerfinu eru nú þegar um 500.000 notendur í 10 löndum, yfir 625 skólar og hljómsveitir og við rekstur kerfisins starfa meira en fjörtíu starfsmenn. Þá er kerfið „100% GDPR compliant“ og búið er að vinna áhættumat á kerfinu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Búið er að fá staðfestingu um að umrætt kerfi stenst tæknilegar kröfur Reykjavíkurborgar og mikill kostur er að það myndi losa alla umsýslu úr Rafrænni Reykjavík.

Búið er að kostnaðargreina verkefnið (sjá fylgigögn) og ljóst er að kostnaður við rekstur myndi lækka og áætlaður kostnaðarlegur ábati til næstu þriggja ára yrði 1.000.000.- á tímabilinu.

Við forgreiningu verkefnisins var ályktað að jákvæð notendaupplifun myndi aukast hjá foreldum og forráðamönnum barna skólahljómsveita. Sú ályktun er byggð m.a. á því að hægt er að greiða beint í gegnum kerfið, minnka handavinnu og flækjustig við reikningsgerð.

Ákveðið að leggja málið fyrir Borgarráð sem heimildabeiðni. Þar sem um er að ræða rekstur á kerfi sem og að verkefnið er undir innkaupaviðmiði þá er heimilað að hefja innkaupaviðræður á „Speed Admin“ kerfinu.

Lagt er til að kerfið fari inn í saman rekstrar feril og önnur kerfi hjá UTR og færi í gegnum gjaldskrá ÞON. Þar sem um er að ræða rekstur á kerfi, þá má hefja innkaupaviðræður.

Skólahljómsveitir 5 5 1 4 5 2 3.40

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
	Ákveðið að leggja málið fyrir Borgarráð sem heimildabeiðni.

2	Verkefnaráð samþykkir verkefnið og heimilar að hefja innkaupaviðræður á „ <i>Speed Admin</i> “ kerfinu.
---	---

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Stafrænn leiðtogi hefur innkaupaviðræður við „ <i>Speed Admin</i> “	EJ	
2	Stafrænn leiðtogi, ber ábyrgð á að leggja málið fyrir hjá Borgarráði	EJ	

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Umræður í lok

Ákvarðanir

Nr.	Ákvarðanir í umræðu
1	Lögd er áhersla á að verkefna- og vörustjórar leggi mál fyrir verkefnaráð ef óeðlilegar tafir eiga sér stað í framleiðslunni - Verkefni í vanda.
2	Mikilvægt að allir verkefna- og vörustjórar skrái mjög ítarlega ef tafir verða í verkefnum.
3	Unnið skal að því að leysa stíflur í teymunum og koma verkefnum úr framleiðslu í rekstur um leið og búið er að uppfylla verkefna-/vörulýsingu.
4	Leggja skal enn meiri áherslu á að veita framvirkar upplýsingar í stafrænu ráði.
5	Fara yfir öll verkefni í vinnslu hjá Þon og setja inn áætlaðan kostnaðarlegan ábata.
6	Ákveðið að verkefnaráðsfundirnir verða eftirfarandi: - Fundir byrja á 5 mín umræðum og uppstillingu - Hvert og eitt erindi fær að hámarki 15 mín til umráða - Áður en hvert erindi kemur inn á fund er farið yfir „<i>CheckList</i>“; forskor, áætlaðan kostnað, áætlaðan kostnaðarlegan ábata, áætlaðan vinnslutíma og önnur atriði eftir þörfum. - Ákvörðun verkefnaráðs er rædd eftir að búið er að hlusta á erindi og viðkomandi sem kynnir verkefnið hefur vikið af fundi. - Ákvarðanir verkefnaráðs eru skjalaðar í fundargerð. Ákvarðanir eru sendar á viðkomandi starfsmanns sem kynnir verkefnið auk þess að teymisstjórar eru boðaðir á Verkefnaráðs-„<i>rapport</i>“ fundi þar sem farið er yfir allar ákvarðanir verkefnaráðs.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
3.	Verkefnaráðsstjóri fylgir eftir ofangreindum ákvörðunum í umræðu	EJ	

Næsti fundur

Næsti fundur, óákveðinn. Fundað eftir þörfum

Aftur í efnisyfirlit